

Fundur 5.2.2024 Shrí lönsk kona Arví, var uppi fyrir 2500 til 3000 árum.

Góða kvöldið og komið þið öll sæl.

*Góða kvöldið.*

Finnst mér skrítið að vera í sambandi við ykkur, þar sem ég finn fyrir sjaldgæfum náttúrum einkennum snjó og kulda sem við fáum sjaldan að kynnast hér, en hef ég þó lent á þannig hnöttum, og við erum hér í ljósbláa litnum, og þykir okkur það miður að fólk úr okkar hópi ekki náð í gegn í sambandinu, en eru þó fjölmargir sem eru skildir okkur sem við höfum fylgst með talað til ykkar og ég hef miklu meira samband við forfeður ykkar og formæður og eigum við auðveldara með að ná til þeirra sem farnir voru fyrir löngu, þar sem orkusviðið er líkara okkur sem fórum fyrir svo löngu.

Og hefur orkusviðið breytst á löngum tíma og vona ég að mér takist að nefna nafn mitt, höfum við einnig lagt stund á spádóma og vil ég koma að því í örfáum orðum, áður en ég lýsi lífi mínu.

Við vitum ekki um framtíðina frekar en aðrir, hún er ekki fast mótuð, en við höfum hlustað á hótanir Jahves um stóra jarðskjálfta hjá ykkur og raunar víðar, en tókum meira mark á þeim sem segja að slíkir atburðir fylgja ákveðinni atburðakeðju erlendis og höfðum við þá fyrst áhyggjur af ykkar landi þegar stór jarðskjálfti reið yfir Japan í upphafi þessa árs hjá ykkur.

Og hefði það átt að fylgja ákveðinni orsaka keðju sem það gerði ekki nákvæmlega samkvæmt þeim spádómum sem við þekktum og höfum við því fremur minni áhyggjur og gerum okkur þó fulla grein fyrir því að atburðarás sú sem hafin er á ykkar landi, mun ekki stöðvast, heldur halda áfram.

Og tengist hún einnig margskonar umróti og spennu breytingum víðar um jörðina og tókum við meira mark á spádómum sem snúa að daglegu lífi ykkar.

Og vil ég þá fara út í atburði sem gætu talist miklu smærri og óviðbúnari, eins og truflunum á orkukerfum ykkar, sem bæði eru farin að gefa sig vegna mis mikils viðhalds og skorts á endurnýjun og skorts á nýjum virkjunum og of mikilli notkun fyrir aðrar þarfir en landsmenn sjálfa, ýmiskonar verkefni erlend og orku frekan iðnað og gagnaver og þarf að huga að orku öryggi landsmanna, þar sem umrót jarðhræringa og eldgosa mun ekki einskorðast við Reykjanesið og suður hluta landsins.

Heldur munu umbrotin breiða sig yfir landið, meira og minna allt, en þó langmest þau svæði sem virk eru, og eins og þið hafið kynnst á þessum vetri gerast óvæntir atburðir og ekki mjög heppilegir og teljum við því að þið þurfið að vera vakandi fyrir atburðum úr óvæntum áttum og skorti á viðhaldi og heilbrigði þjóðarinnar og samstöðu og samstillingu og kærleiks mætti sem þarf til að sporna gegn sjúkdómum og röskunum á mannsins orku kerfum og náttúrunnar.

Og munum við fylgjast með því að betur gangi að efla kærleikan og samstöðuna, þannig að þið vinnið með lífstefnu öflunum að fresta alvarlegum atburðum og snúa orkunni í réttan farveg og höfum við áður náð með hjálp ykkar fólks framliðinna að efla kærleika ykkar og samstöðu og munum halda því áfram.

Hef ég um svo langt skeið ásamt mínu fólki, haft áhuga á þessu og gert mér grein fyrir því að sótt er að gömlu jörðinni og íbúum hennar og ekki síst þeim þjóðum sem spáð var fyrir að gætu gert mikla og merkilega hluti og hjálpa til við þróun í góða átt og eflingu mannkynsins alls.

Þykir mér það leitt að mér tekst ekki að fara nákvæmlega út í þessar spár og atburði, en af orðum mínum ætti að vera ljóst að þegar helstefnu öflunum er haldið í skefjum að miklu leiti, leita þau annarra leiða og þótt ekki komi fram allt sem Jahve hefur sagt, þá þurfa Íslensk stjórnvöld og almenningur að endurmeta ýmislegt og búast við því að verslun og viðskipti á alþjóða vísu gætu farið úr skorðum og alþjóða kreppa gæti hafist, jafnvel þótt uppgangur virðist í auðugum ríkjum erlendis og einnig vitum við af því að jafnvægi náttúrunnar er við það að raskast og hefur þetta samverkandi áhrif.

En meðal ykkar er margt gott fólk og öflugt og getur það tekið við sér og bindum vonir við það, ég hef ekki haft tíma til að segja frá frumlífi mínu á jörðinni, en verð ég víst að fara út í það áður en ég kveð, svo þið tengist mér betur og munið eftir mér.

Ég man eftir hlýjum sjónum og grænum grasblettum og vorum nokkurs konar safnarar og hirðingjar fyrir langa löngu og eftir að ég fór af frumlífs jörð minni, ykkar gömlu jörð, kom ég fram á framlífs jörðum, þar sem ég tók þátt í samskonar atburðum og gerðust á landi mínu og var það samhliða þróun sem er nokkuð sjaldgæft fyrirbæri, en það gerðist fyrir langa löngu, þegar Guðirnir komu til jarðarinnar og þeir sem aðstoðuðu þá, að reynt var að efla mennina á jörðinni til að þeir gætu byggt upp samfélög sín og orðið mótvægi við önnur helstefnu áhrif á hnettinum.

Nafn mitt er Arví, næ ég ekki að koma fram ártali mínu hvenær ég var uppi á jörðinni, en það var fyrir daga Buddah,

*Fyrir eitthvað fjögur þúsund árum ?*

Já milli þrjú þúsund og fjögur þúsund á Shri Lanka.

*Varst þú Tamíli eða Indverji ?*

Meira skilt Tamílum en það var samt ekki sama tegundin.

*Ertu Brama ættar kannski ?*

Nei ekki alveg, en skylt, á hluta á þeirri fjölskyldu, hluta af þeim kynstofni og þeim þjóðarblöndun Dravída og Indó Evrópumanna á því landsvæði Indlandi og nágrenni.

*Varst þú mæltur á Sanskrit ?*

Kvenkyns, við kunnum einmitt ýmsar málýskur og já við vorðum mælt á þeim tungumálum, já.

Og ég var á landshluta þar sem lífið var frumstæðara, sinntum landbúnaði og heyrðum sögurnar af komu þessara merkilegu þjóða og höfðingja og við hjálpuðum til við að framleiða varning fyrir þessar þjóðir.

Og þegar ég kom á framlífs jörð mína byggði ég stúpur eins og fjölmargir af mínu þjóðerni og gerðist það í nokkrum fyrstu framlífs hnöttum mínum og var sumt af þessu eyðilagt viljandi af óvinum á jörðinni, en stendur sumt enn, og já orkan minnkar.

Ég verð að kveðja, Shrí lönsk kona Arví, höfum annað beygingakerfi en þið vesturlandabúar.

*Gaman að heyra það.*

Já gleður mig að komast í sambandið, þakka ég fyrir verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir mjög fróðlega ræðu og vertu sæl.*